



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

**KÖNNUN Á MEÐAL SKRÁÐRA NEMENDA
HÁSKÓLA ÍSLANDS SEM HÆTT HAFNA NÁMI**

Skýrsla unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Maí 2008

Heiður Hrund Jónsdóttir

Friðrik H. Jónsson

Efnisyfirlit

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR	3
SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM.....	4
HINN DÆMIGERÐI BROTTFALLSNEMI.....	6
ÚRVINNSLA.....	7
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR.....	8
NIÐURSTÖÐUR.....	9
UNDIRBÚNINGUR	9
NÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS	17
STAÐA Í DAG	26
ÁSTÆÐUR FYRIR BROTHVARFI	34
EFTIRSJÁ.....	57

Framkvæmd og heimtur

Þýði könnunarinnar var heildarfjöldi þeirra sem innrituðu sig í nám við Háskóla Íslands á árunum 2003 til 2006 en höfðu hætt námi. Upplýsingar um nemanda voru unnar úr nemendaskrá Háskólans af starfsmönnum Reiknistofnunar. Upphaflega taldi hópurinn 2885 nemendur. Þeir sem búsettir voru erlendis, höfðu einungis skráð sig í inntökupróf í læknadeild eða voru látnir voru fjarlægðir úr skránni auk þess sem gætt var að því enginn nemandi var talinn tvisvar. Eftir stóðu 1862 nemendur, 1432 þeirra voru skráðir í nám á grunnstigi og 430 í framhaldsnám. Úr þessum hópi var tekið 1200 manna tilviljunarúrtak. Þegar úrtakið var valið var gætt að því að hlutfall þeirra sem skráðu sig í grunnnám og hlutfall þeirra sem skráðu sig í framhaldsnám væri það sama og í þýðinu, þ.e. meðal allra þeirra sem höfðu möguleika á að lenda í úrtakinu. Úrtakið skiptist þá þannig að 924 höfðu verið í grunnnámi og 276 í framhaldsnámi. Svörum var safnað með símakönnun í desember 2007. Alls náðist í 906 svarendur og er svörun í könnuninni því 75,5%. Nánari upplýsingar um heimtur er að finna í töflu 1.

Tafla 1. Heimtur

	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Grunnnám	924	712	77,1%
Framhaldsnám	276	194	70,3%
Alls	1200	906	75,5%

Spurningarnar í könnuninni áttu við þá sem höfðu innritað sig í HÍ og stundað nám við skólann í meira en einn mánuð. Í upphafi hvers símaviðtals var því gengið úr skugga um að svarendur höfðu stundað nám í meira en einn mánuð. Eins og sjá má í töflu 2 hafði ríflega helmingur þeirra sem náðist í ekki sótt neina fyrirlestra né verklega tíma. Tæp 7% höfðu sótt einhverja fyrirlestra eða verklega tíma en hætt námi áður en einum mánuði var lokið af misserinu. Það voru því 350 manns sem svöruðu allri könnuninni.

Tafla 2. Svörun á allri könnuninni

	Fjöldi	Hlutfall
Sótti ekki enga fyrirlestra né verklega tíma	494	54,4
Stundaði ekki nám við HÍ í meira en einn mánuð	62	6,8
Stundaði nám við HÍ í meira en mánuð	350	38,6
Alls	906	100%

Samantekt á helstu niðurstöðum

- Flestir höfðu sæmilega skýrar hugmyndir um innihald námsins þegar þeir innrituðu sig í HÍ og því eldri sem svarendur voru því skýrari hugmyndir höfðu þeir um innihald námsins.
- Meirihluti fékk góðan undirbúning fyrir námið á fyrra skólastigi. Hlutfallslega fleiri konum en körlum fannst þær vera frekar eða mjög illa undirbúnar og þeir sem skráðir voru í framhaldsnám fannst þeir betur undirbúnir eftir grunnnám sitt en þeim sem skráðir voru í grunnnám fannst þeir vera eftir nám sitt í framhaldsskóla.
- Meirihluti (63%) vann með náminu og rúmur þriðjungur þeirra sem unnu með náminu voru í fullu starfi.
- Rúmlega einn af hverjum fimm tók námslán fyrsta ár sitt í HÍ.
- Þrír af hverjum fjórum voru ýmist í námi eða höfðu uppi áætlanir um að fara í nám á næstu tveimur árum þegar könnunin var gerð. Því eldri sem svarendur voru því síður voru þeir í námi eða höfðu áætlanir um slíkt.
- Um fimmtingur þeirra sem voru í námi eða höfðu áætlanir um slíkt stefndu á að ljúka því námi sem þeir voru í við HÍ. Þetta átti frekar við eftir því sem svarendur voru eldri. Þeir sem voru í námi eða höfðu áætlanir um að fara í nám en ætluðu ekki að ljúka því námi sem þeir voru í við HÍ stefndu hvað helst á Háskólann í Reykjavík.
- Í heildina fannst tæpum þriðjungi (29%) námið við HÍ hafa nýst í starfi. Námið hafði hvað helst nýst þeim sem voru 31 árs eða eldri og þeim sem voru í framhaldsnámi.
- Tæplega þriðjungur hætti eða tók sér hlé frá námi við HÍ vegna þess að skólinn stóðst ekki væntingar. Aðrir hættu eða tóku sér hlé af öðrum ástæðum, s.s fjárhagsástæðum eða öðrum persónulegum ástæðum. Því yngri sem svarendur voru því frekar tóku þeir sér hlé eða hættu vegna þess að skólinn stóðst ekki væntingar þeirra.
- Um helmingur svarenda taldi að annar háskóli hefði hentað þeim betur en HÍ.
- Það sem hafði áhrif á ákvörðun hlutfallslega flestra um að hætta eða taka hlé frá námi var að námið höfðaði ekki til fólks, persónulegir erfiðleikar, litlir möguleikar til samskipta við kennara utan kennslustunda, of fjölmenn námskeið og vandamál við að samræma námið við barnauppeldi og fjölskyldulíf.

- Skýringum nemenda á því að þeir hættu námi má skipta í þrennt: *Áhrif skólans*, *Frammistaða í náminu* og *Áhugi á náminu*. *Áhrif skólans* var sá þáttur sem réði mestu um að námi var hætt og tekur hann til atriða eins og að þjónusta við nemendur hafi verið lítil, litlir möguleikar til samkipta við kennara utan kennslustunda, námskeið of fjölmenn, slæm aðstaða til náms og kennsla hafi verið léleg.
- Ríflega einn af hverjum fimm sáu eftir því að hafa hætt námi eða tekið sér hlé á námi við HÍ. Eftirsjá 64% þeirra var frekar eða mjög mikil.

Hinn dæmigerði brottfallsnemi

- **Brottfallsnemi A:** Hinn dæmigerði brottfallsnemi skráir sig í nám við HÍ en sækir enga fyrirlestra né verklega tíma.
- **Brottfallsnemi B:** Hinn dæmigerði brottfallsnemi sem stundar nám í meira en einn mánuð er á bilinu 20 til 30 ára og skráður í nám á grunnstigi. Hann valdi sér námsgreinina þegar hann hafði lokið stúdentsprófi og var valið honum frekar erfitt. Framhaldsskólinn undirbjó hann vel undir háskólanámið og hafði brottfallsneminn góðar hugmyndir um þær námskröfur sem gerðar eru í HÍ. Hann bjó sig ekki undir próf í samvinnu við aðra nemendur og tók ekki þátt í félagslífi í HÍ. Tímasókn nemans var yfir 50%, hann leitaði ekki til námsráðgjafa þann tíma sem hann var við nám og tók ekki námslán. Brottfallsneminn var í hlutastarfi samhliða náminu. Þegar könnunin var gerð var hann í fullu starfi sem ekki krefst menntunar en hafði uppi áætlanir um að fara í nám á næstu tveimur árum. Það eru þó ekki áætlanir um að ljúka því námi sem hann hóf við HÍ heldur stefnir hann á nám við Háskólann í Reykjavík. Hann telur námið við HÍ hafa nýst sér lítið sem ekkert í því starfi sem hann stundar nú.

Helsta ástæða þess að hinn dæmigerði brottfallsnemi hætti eða tók hlé frá námi var ekki vegna þess að skólinn stóðst ekki væntingar heldur komu aðrar ástæður þar til, s.s. fjárhagsaðstæður eða aðrar persónulegar ástæður. Hann taldi námið ekki höfða til sín, það voru litlir möguleikar til samskipta við kennarar utan kennslustunda, námskeið voru of fjölmenn og námið samræmdist illa barnauppeldi og fjölskyldulífi auk þess sem persónulegir erfiðleikar höfðu áhrif á ákvörðun hans um að hætta eða taka hlé frá námi. Einnig þótti honum þjónusta við nemendur innan skólans vera lítil og námið helst til of þungt. Neminn sá ekki eftir því að hafa hætt eða tekið sér hlé frá námi við HÍ og taldi ákvörðunina vera skynsamlega.

Úrvinnsla

Í niðurstöðukaflanum eru svör greind eftir völdum bakgrunnsþáttum þar sem kannað er hvort munur sé á svörum eftir kyni, aldri, búsetu og eftir því hvort það var skráð í grunnám eða framhaldsnám. Nánari lýsingu á þessum bakgrunnsbreytum er að finna í næsta kafla, *Bakgrunnsupplýsingar*.

Í töflunum í niðurstöðukaflanum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Til að meta hvort munur á milli hópa væri tölfræðilega marktækur var notast við kí-kvaðrat marktæktarpróf og t-próf þar sem það átti við. Ef tölfræðilega marktækur munur kom fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna merkir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist hjá svarendum sé einnig til staðar meðal allra þeirra sem skráðu sig í HÍ á árunum 2003 til 2006 og hættu eftir að hafa stundað nám í meira en einn mánuð. Tvær stjörnur merkja að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur merkja að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í sumum tilvikum voru marktæktarpróf ógild vegna fámennra hópa og er það merkt með skammstöfuninni *óg*. Þegar ekkert er merkt hefur marktæktarpróf verið gilt en munur milli hópa ekki mælst tölfræðilega marktækur. Í texta verður einungis fjallað um mun milli hópa þar sem hann er tölfræðilega marktækur.

Bakgrunnsupplýsingar

Í niðurstöðukaflanum eru svör greind eftir kyni, aldri, búsetu og tegund náms¹. Hér verður fjallað stuttlega um þessar bakgrunnsbreytur.

Eins og sjá má í töflu 3 voru 63% svarenda konur og 37% karlar og er sú kynjaskipting sambærileg við kynjaskiptingu í þýði. Svarendum var skipt í þrjá jafnstóra flokka eftir aldri en þegar sú skipting var borin saman við þýðið kom í ljós að hlutfallslega fleiri úr hópi 24 ára og yngri og 25 til 30 ára svöruðu könnuninni en búist var við en færri úr hópi 31 árs og eldri. Af svarendum voru 79% búsettir á höfuðborgarsvæðinu og 21% á landsbyggðinni og er það sambærilegt við búsetuskiptinguna í þýði. Svörun þeirra sem skráðir voru í framhaldsnám var lakari en þeirra sem skráðir voru í grunnnám ef miðað er við skiptinguna í þýði.

Tafla 3. Hlutfallsleg skipting innritaðra frá 2003 til 2006 sem hættu námi og svörun eftir bakgrunni

	Þýði	Hlutfall af þýði	Fjöldi svara	Hlutfall af svörum	Mismunur
Kyn					
Karl	706	37,9	131	37,4	0,4
Kona	1.158	62,1	219	62,6	-0,4
Aldur					
24 ára og yngri	546	29,3	116	33,1	-3,9
25 til 30 ára	535	28,7	116	33,1	-4,4
31 árs og eldri	783	42,0	118	33,7	8,3
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	1.498	80,4	275	78,6	1,8
Landsbyggð	366	19,6	75	21,4	-1,8
Tegund náms					
Grunnnám	1.436	77,0	287	82,0	-5,0
Framhaldsnám	428	23,0	63	18,0	5,0

¹ Í töflum 53, 54, 55, 56 og 58 eru svör greind eftir fleiri þáttum en fjallað er um hér.

² Sé marktektarpróf ógilt er flokkurinn *Annað* ekki notaður í tölfræðiúrvinnslu auk þess sem flokkarnir *Áður en ég*

Niðurstöður

Niðurstöðurnar skiptast í fjóra hluta. Í fyrsta hlutanum, *Undirbúningur*, er meðal annars fjallað um þær hugmyndir sem svarendur höfðu um Háskóla Íslands (HÍ) áður en þeir hófu nám og hve vel undirbúnir þeir voru fyrir námið. Annar hlutinn, *Nám við Háskóla Íslands*, snýr að aðstæðum og högum svarenda á meðan þeir stunduðu nám við HÍ. Í þriðja hlutanum, *Ástæður fyrir brotthvarfi*, er fjallað um ástæður svarenda fyrir brotthvarfi úr HÍ og fjórði hlutinn, *Staða í dag*, snýr að því hvort svarendur séu í námi eða starfi þegar könnunin var gerð og hvort nám þeirra við HÍ hafi nýst þeim þrátt fyrir að því hafi ekki verið lokið. Ef þátttakendur höfðu skráð sig í fleiri en eina námsgrein við HÍ voru þeir beðnir að miða við þá grein sem þeir skráðu sig fyrst í þegar þeir svöruðu spurningunum.

Undirbúningur

Þátttakendur voru fyrst spurðir hvenær þeir höfðu ákveðið að innrita sig í viðkomandi námsgrein við HÍ. Þeir sem voru skráðir í grunnnám miðuðu svör sín við þann tíma sem þeir voru í framhaldsskóla á meðan þeir sem skráðir voru í framhaldsnám miðuðu svör sín við þann tíma sem þeir voru í grunnnámi. Eins og sjá má í töflu 4 völdu flestir sér námsgreinina að loknu stúdentsprófi eða námi á grunnstigi. Til að ná fram gildum marktektarprófum voru flokkarnir *Áður en ég fór í framhaldsskóla/grunnám* og *Á fyrri helmingi náms í framhaldsskóla/á grunnstigi* sameinaðir og flokkurinn *Annað* ekki notaður í tölfræðiúrvinnslu. Eftir að þetta var gert kom fram munur á svörum fólks eftir aldri þar sem hlutfallslega fæstir þeirra sem voru 31 árs og eldri ákváðu að innrita sig í námsgreinina áður en þeir luku stúdentsprófi/grunnnámi.

Tafla 4. Hvenær ákvaðst þú að innrita þig í þessa námsgrein í HÍ? Var það áður en þú fórst í framhaldsskóla/grunnám, á fyrri helmingi náms í framhaldsskóla/á grunnstigi, á seinni helmingi, að loknu stúdentsprófi/prófi á grunnstigi eða innan við sólarhring áður en þú skráðir þig í HÍ?²

	Áður en ég fór í framhaldsskóla/grunnám	Á fyrri helm. náms í framhaldsskóla/á grunnstigi	Á seinni helm. náms í framhaldsskóla/á grunnstigi	Að loknu stúdentsprófi/grunnnámi	Innan við sólarhring áður en ég skráði mig í HÍ	Annað	Samtals	Fjöldi
Heild								
	2,3	2,1	16,4	63,0	5,9	10,3	100%	341
Kyn ^{óg ()}								
Karl	1,6	0,8	18,6	66,7	5,4	7,0	100%	129
Kona	2,8	2,8	15,1	60,8	6,1	12,3	100%	212
Aldur ^{óg (***)}								
20 til 24 ára	3,4	3,4	26,7	62,1	4,3		100%	116
25 til 30 ára	2,7	1,8	19,6	62,5	5,4	8,0	100%	112
31 árs og eldri	0,9	0,9	2,7	64,6	8,0	23,0	100%	113
Búseta ^{óg (óg)}								
Höfuðborgarsvæði	2,3	2,3	17,3	61,7	6,0	10,5	100%	266
Landsbyggð	2,7	1,3	13,3	68,0	5,3	9,3	100%	75
Tegund náms ^{óg (óg)}								
Grunnnám	1,4	2,2	18,6	63,4	5,7	8,6	100%	279
Framhaldsnám	6,5	1,6	6,5	61,3	6,5	17,7	100%	62

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

² Sé marktektarpróf ógilt er flokkurinn Annað ekki notaður í tölfræðiúrvinnslu auk þess sem flokkarnir Áður en ég fór í framhaldsskóla/grunnám og Á fyrri helmingi náms í framhaldsskóla/á grunnstigi eru sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktekt táknuð innan sviga.

Eins og sjá má í töflu 5 var meirihluti svarenda frekar eða mjög sammála staðhæfingunni um að þeim hafi þótt erfitt að ákveða hvaða námsgrein þeir ættu að velja. Því eldri sem svarendur voru því erfiðara þótti þeim að velja námsgrein auk þess sem þeir sem skráðir voru í framhaldsnám þótti erfiðara að velja námsgrein en þeir sem skráðir voru í grunnnám.

Tafla 5. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi staðhæfingu?: Mér þótti erfitt að ákveða hvaða námsgrein ég ætti að velja.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Samtals	Fjöldi
Heild	40,3	18,6	3,2	20,9	17,1	100%	345
Kyn							
Karl	32,6	17,1	4,7	25,6	20,2	100%	129
Kona	44,9	19,4	2,3	18,1	15,3	100%	216
Aldur***							
20 til 24 ára	28,7	16,5	4,3	25,2	25,2	100%	115
25 til 30 ára	30,4	24,3	3,5	27,8	13,9	100%	115
31 árs og eldri	61,7	14,8	1,7	9,6	12,2	100%	115
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	40,6	19,6	2,2	20,3	17,3	100%	271
Landsbyggð	39,2	14,9	6,8	23,0	16,2	100%	74
Tegund náms***							
Grunnnám	33,3	20,7	3,5	22,5	20,0	100%	285
Framhaldsnám	73,3	8,3	1,7	13,3	3,3	100%	60

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Flestir höfðu sæmilega skýrar hugmyndir um innihald námsins þegar þeir innrituðu sig í HÍ og því eldri sem svarendur voru því skýrari hugmyndir höfðu þeir um innihalds námsins (sjá töflu 6).

Tafla 6. Hversu skýrar hugmyndir hafðir þú um innihald námsins þegar þú innritaðir þig í HÍ? Voru þær skýrar, sæmilegar eða óskýrar?

	Mjög skýrar	Frekar skýrar	Sæmilegar	Frekar óskýrar	Mjög óskýrar	Samtals	Fjöldi
Heild	15,7	23,1	42,9	14,3	4,0	100%	350
Kyn							
Karl	15,3	20,6	43,5	16,0	4,6	100%	131
Kona	16,0	24,7	42,5	13,2	3,7	100%	219
Aldur*							
20 til 24 ára	7,8	19,0	48,3	20,7	4,3	100%	116
25 til 30 ára	16,4	25,0	42,2	12,1	4,3	100%	116
31 árs og eldri	22,9	25,4	38,1	10,2	3,4	100%	118
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	15,6	24,4	40,7	14,9	4,4	100%	275
Landsbyggð	16,0	18,7	50,7	12,0	2,7	100%	75
Tegund náms*							
Grunnnám	13,6	22,0	43,9	16,4	4,2	100%	287
Framhaldsnám	25,4	28,6	38,1	4,8	3,2	100%	63

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

Í töflu 7 má sjá að einhver úr nánustu fjölskyldu 62% svarenda hafði stundað háskólanám en ekki kom fram munur á svörum eftir bakgrunni. Í töflu 8 má sjá að í flestum tilfellum var um systkini eða foreldri að ræða.

Tafla 7. Þegar þú innritaðist í HÍ hafði einhver úr þinni nánustu fjölskyldu, t.d. foreldri, systkini eða börn, stundað háskólanám?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	62,3	37,7	100%	350
Kyn				
Karl	61,8	38,2	100%	131
Kona	62,6	37,4	100%	219
Aldur				
20 til 24 ára	62,1	37,9	100%	116
25 til 30 ára	54,3	45,7	100%	116
31 árs og eldri	70,3	29,7	100%	118
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	65,8	34,2	100%	275
Landsbyggð	49,3	50,7	100%	75
Tegund náms				
Grunnnám	61,3	38,7	100%	287
Framhaldsnám	66,7	33,3	100%	63

Tafla 8. Geturðu sagt mér hvort um er að ræða foreldri, systkini og/eða barn? (Spurning til þeirra sem áttu náinn ættingja sem stundað hafði háskólanám)

	Fjöldi	Hlutfall af svörum	Hlutfall af svarendum
Systkini	136	49,3	63,0
Foreldri	126	45,7	58,3
Barn	14	5,1	6,5
Alls	276	100,0%	127,8%

Svarendur máttu nefna allt sem við átti, því er hlutfall svarenda alls yfir 100%.

Fjórðungur svarenda taldi sig hafa haft mjög góðar hugmyndir um þær námskröfur sem gerðar eru í HÍ og þriðjungur til viðbótar taldi sig hafa haft frekar góðar hugmyndir um það. Tæp 11% taldi sig hafa haft frekar eða mjög litlar hugmyndir um námskröfur í HÍ. Þeir sem voru 31 árs og eldri töldu sig frekar hafa haft góðar hugmyndir um námskröfurnar en þeir sem yngri voru og hlutfallslega fleiri þeirra sem innrituðu sig í framhaldsnám höfðu mjög góðar hugmyndir um námskröfurnar en þeir sem innrituðu sig í grunnnám (sjá töflu 9).

Tafla 9. Hversu góðar hugmyndir telur þú þig hafa haft um þær námskröfur sem gerðar eru í HÍ þegar þú innritaðir þig? Voru þær góðar, sæmilegar eða litlar?

	Mjög góðar	Frekar góðar	Sæmilegar	Frekar litlar	Mjög litlar	Samtals	Fjöldi
Heild	25,0	34,8	29,3	9,5	1,4	100%	348
Kyn							
Karl	21,5	33,8	33,1	10,0	1,5	100%	130
Kona	27,1	35,3	27,1	9,2	1,4	100%	218
Aldur*							
20 til 24 ára	21,6	32,8	31,0	12,9	1,7	100%	116
25 til 30 ára	19,1	33,9	35,7	8,7	2,6	100%	115
31 árs og eldri	34,2	37,6	21,4	6,8	-	100%	117
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	26,6	34,3	29,2	8,8	1,1	100%	274
Landsbyggð	18,9	36,5	29,7	12,2	2,7	100%	74
Tegund náms***							
Grunnnám	21,4	33,7	31,9	11,2	1,8	100%	285
Framhaldsnám	41,3	39,7	17,5	1,6	0,0	100%	63

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Rúmlega einum af hverjum tíu svarendum þótti námið léttara en þeir áttu von á og fjórum af hverju tíu þótti það erfiðara. Um helmingi þótti það hvorki léttara né erfiðara en þeir áttu von á. Því eldri sem svarendur voru því frekar var námið eins og þeir áttu von á sem og að námið var frekar eins og svarendur áttu von á ef þeir voru innritaðir í framhaldsnám í stað grunnnáms (sjá töflu 10).

Tafla 10. Var námið léttara eða erfiðara en þú áttir von á, þegar þú byrjaðir í HÍ?

	Mun léttar	Aðeins léttar	Eins og ég átti von á	Aðeins erfiðara	Mun erfiðara	Samtals	Fjöldi
Heild	2,1	8,5	49,7	27,4	12,4	100%	340
Kyn							
Karl	2,4	8,7	49,6	31,5	7,9	100%	127
Kona	1,9	8,5	49,8	24,9	15,0	100%	213
Aldur**							
20 til 24 ára	2,7	14,3	36,6	34,8	11,6	100%	112
25 til 30 ára	1,8	5,3	48,2	30,7	14,0	100%	114
31 árs og eldri	1,8	6,1	64,0	16,7	11,4	100%	114
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	2,2	8,2	50,0	26,1	13,4	100%	268
Landsbyggð	1,4	9,7	48,6	31,9	8,3	100%	72
Tegund náms*							
Grunnnám	2,2	8,3	45,8	29,6	14,1	100%	277
Framhaldsnám	1,6	9,5	66,7	17,5	4,8	100%	63

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

Meirihluti svarenda fékk góðan undirbúning fyrir námið á fyrra skólastigi. Hlutfallslega fleiri konum en körlum fannst þær vera frekar eða mjög illa undirbúnar og þeir sem skráðir voru í framhaldsnám fannst þeir betur undirbúnir eftir grunnnám sitt heldur en þeim sem skráðir voru í grunnnám fannst þeir vera eftir nám sitt í framhaldsskóla (sjá töflu 11).

Tafla 11. Þegar á heildina er litið, hversu vel eða illa bjó framhaldsskólinn þig undir nám í háskóla?/Þegar á heildina er litið, hversu vel eða illa bjó grunnnámið þig undir nám á framhaldsstigi?

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki né	Frekar illa	Mjög illa	Samtals	Fjöldi
Heild	21,0	38,5	18,0	19,5	3,0	100%	338
Kyn*							
Karl	19,2	40,8	24,8	13,6	1,6	100%	125
Kona	22,1	37,1	14,1	23,0	3,8	100%	213
Aldur							
20 til 24 ára	20,0	37,4	15,7	23,5	3,5	100%	115
25 til 30 ára	16,7	38,6	21,9	19,3	3,5	100%	114
31 árs og eldri	26,6	39,4	16,5	15,6	1,8	100%	109
Búseta							
Höfuðborgarsvæði	20,8	40,2	17,4	19,7	1,9	100%	264
Landsbyggð	21,6	32,4	20,3	18,9	6,8	100%	74
Tegund náms***							
Grunnnám	17,6	36,3	19,8	22,7	3,6	100%	278
Framhaldsnám	36,7	48,3	10,0	5,0	0,0	100%	60

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Nám við Háskóla Íslands

Tæplega helmingur svarenda átti vin eða vinkonu sem stundaði nám í skyldum námsgreinum á sama tíma og þeir. Því yngri sem svarendur voru því frekar áttu þeir vin eða vinkonu sem stundaði nám í skyldum greinum (sjá töflu 12).

Tafla 12. Áttirðu vin eða vinkonu sem stundaði nám í skyldum námsgreinum á sama tíma og þú?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	48,3	51,7	100%	348
Kyn				
Karl	54,2	45,8	100%	131
Kona	44,7	55,3	100%	217
Aldur*				
20 til 24 ára	57,4	42,6	100%	115
25 til 30 ára	50,9	49,1	100%	116
31 árs og eldri	36,8	63,2	100%	117
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	46,5	53,5	100%	273
Landsbyggð	54,7	45,3	100%	75
Tegund náms				
Grunnnám	48,6	51,4	100%	286
Framhaldsnám	46,8	53,2	100%	62

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

Rúmur þriðjungur undirbjó sig fyrir próf í samvinnu við aðra nemendur en ekki var munur á því eftir bakgrunni þátttakenda (sjá töflu 13). Þeir sem undirbyggðu sig fyrir próf í samvinnu við aðra voru spurðir hve oft þeir gerðu það. Í töflu 14 má sjá að 70% þeirra gerðu það oft eða alltaf og þeir sem voru 20 til 24 ára gerðu það oft en þeir sem eldri voru.

Tafla 13. Þjóst þú þig undir próf í samvinnu við aðra nemendur?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	34,1	65,9	100%	337
Kyn				
Karl	39,4	60,6	100%	127
Kona	31,0	69,0	100%	210
Aldur				
20 til 24 ára	36,4	63,6	100%	110
25 til 30 ára	36,5	63,5	100%	115
31 árs og eldri	29,5	70,5	100%	112
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	33,7	66,3	100%	264
Landsbyggð	35,6	64,4	100%	73
Tegund náms				
Grunnnám	35,4	64,6	100%	277
Framhaldsnám	28,3	71,7	100%	60

Tafla 14. Gerðir þú það alltaf, oft eða sjaldan? (Spurning til þeirra sem þjuggu sig undir próf í samvinnu við aðra)

	Alltaf	Oft	Sjaldan	Samtals	Fjöldi
Heild	13,2	57,0	29,8	100%	114
Kyn					
Karl	10,2	49,0	40,8	100%	49
Kona	15,4	63,1	21,5	100%	65
Aldur**					
20 til 24 ára	28,2	53,8	17,9	100%	39
25 til 30 ára	4,8	61,9	33,3	100%	42
31 árs og eldri	6,1	54,5	39,4	100%	33
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	13,6	56,8	29,5	100%	88
Landsbyggð	11,5	57,7	30,8	100%	26
Tegund náms					
Grunnnám	13,4	58,8	27,8	100%	97
Framhaldsnám	11,8	47,1	41,2	100%	17

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

Um 23% svarenda tók þátt í félagslífi innan Háskólans. Karlar tóku frekar þátt en konur og því yngri sem svarendur voru því frekar höfðu þeir tekið þátt í félagslífi innan skólans (sjá töflu 15). Þeir sem tóku þátt í félagslífinu voru spurðir hve mikil sú þátttaka hefði verið. Eins og sjá má í töflu 16 var þátttakan mikil hjá rúmum 30% svarenda, í meðallagi hjá rúmum 40% og lítil hjá tæpum 30% svarenda. Þátttakan var minnst hjá þeim sem voru 25 til 30 ára.

Tafla 15. Tókst þú þátt í félagslífi í HÍ eins og t.d. íþróttum, stjórnmalahreyfingu, nemendafélögum eða tónlist?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	22,9	77,1	100%	349
Kyn*				
Karl	29,0	71,0	100%	131
Kona	19,3	80,7	100%	218
Aldur*				
20 til 24 ára	31,0	69,0	100%	116
25 til 30 ára	22,4	77,6	100%	116
31 árs og eldri	15,4	84,6	100%	117
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	23,4	76,6	100%	274
Landsbyggð	21,3	78,7	100%	75
Tegund náms				
Grunnnám	23,7	76,3	100%	287
Framhaldsnám	19,4	80,6	100%	62

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

Tafla 16. Var þátttaka þín mikil, í meðallagi eða lítil? (Spurning til þeirra sem tóku þátt í félagslífi HÍ)

	Mikil	Í meðallagi	Lítill	Samtals	Fjöldi
Heild	31,3	41,3	27,5	100%	80
Kyn					
Karl	31,6	36,8	31,6	100%	38
Kona	31,0	45,2	23,8	100%	42
Aldur*					
20 til 24 ára	36,1	50,0	13,9	100%	36
25 til 30 ára	15,4	34,6	50,0	100%	26
31 árs og eldri	44,4	33,3	22,2	100%	18
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	34,4	40,6	25,0	100%	64
Landsbyggð	18,8	43,8	37,5	100%	16
Tegund náms ^{óg}					
Grunnnám	29,4	44,1	26,5	100%	68
Framhaldsnám	41,7	25,0	33,3	100%	12

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Einn af hverjum tíu svarendum var með undir 50% tímasókn fyrsta misseri sitt í HÍ, 47% var með tímasókn á bilinu 50% til 95% og 44% var með 95% til 100% tímasókn. Þegar flokkarnir 10-50% og Undir 10% voru sameinaðir kom fram munur eftir kyni og tegund náms þar sem tímasókn kvenna var betri en tímaskókn karla og tímsókn þeirra sem voru í framhaldsnámi var betri en þeirra sem voru í grunnnámi (sjá töflu 17).

Tafla 17. Hver var tímasókn þín að meðaltali fyrsta misserið í HÍ? Var hún 95-100%, 50-95%, 10-50% eða undir 10%?³

	Undir 10%	10-50%	50-95%	95-100%	Samtals	Fjöldi
Heild						
	2,0	7,6	46,5	43,9	2%	342
Kyn ^{óg (*)}						
Karl	2,3	8,5	55,0	34,1	2%	129
Kona	1,9	7,0	41,3	49,8	2%	213
Aldur ^{óg ()}						
20 til 24 ára	1,8	7,1	50,4	40,7	2%	113
25 til 30 ára	3,5	7,9	50,9	37,7	4%	114
31 árs og eldri	0,9	7,8	38,3	53,0	1%	115
Búseta						
Höfuðborgarsvæði	1,1	8,1	46,7	44,1	1%	270
Landsbyggð	5,6	5,6	45,8	43,1	6%	72
Tegund náms ^{óg (*)}						
Grunnnám	1,8	7,8	50,0	40,4	2%	282
Framhaldsnám	3,3	6,7	30,0	60,0	3%	60

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

óg: Marktektarpróf er ógilt

³ Sé marktektarpróf ógilt eru flokkarnir 10-50% og Undir 10% sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktekt táknuð innan sviga.

Tæp 30% svarenda leituðu einhvern tíma til námsráðgjafa þann tíma sem þeir voru við nám í HÍ. Þeir sem voru 31 árs og eldri höfðu síður leitað til námsráðgjafa en þeir sem yngri voru og þeir sem voru í framhaldsnámi höfðu síður leitað til námsráðgjafa en þeir sem voru í grunnnámi (sjá töflu 18).

Tafla 18. Leitaðir þú einhvern tíma til námsráðgjafa þann tíma sem þú varst við nám í HÍ?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	28,9	71,1	100%	349
Kyn				
Karl	28,2	71,8	100%	131
Kona	29,4	70,6	100%	218
Aldur*				
20 til 24 ára	33,6	66,4	100%	116
25 til 30 ára	32,8	67,2	100%	116
31 árs og eldri	20,5	79,5	100%	117
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	28,5	71,5	100%	274
Landsbyggð	30,7	69,3	100%	75
Tegund náms***				
Grunnnám	32,8	67,2	100%	287
Framhaldsnám	11,3	88,7	100%	62

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Meirihluti svarenda (63%) vann með náminu. Því eldri sem svarendur voru því frekar unnu þeir með náminu og namar í framhaldsnámi unnu frekar með náminu en namar í grunnnámi (sjá töflu 19). Um 37% þeirra sem unnu með náminu voru í fullu starfi. Því eldri sem svarendur voru því frekar voru þeir í fullu starfi samanborið við hlutastarf og þeir sem skráðir voru í framhaldsnám voru mun frekar í fullu starfi heldur en þeir sem voru skráðir í grunnnám (sjá töflu 20). Af þeim sem voru í hlutastarfi samhliða náminu voru tæp 60% í lægra en 50% starfshlutfalli en því eldri sem svarendur voru því herra var starfshlutfall þeirra (sjá töflu 21).

Tafla 19. Vannst þú með náminu?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	62,6	37,4	100%	348
Kyn				
Karl	63,4	36,6	100%	131
Kona	62,2	37,8	100%	217
Aldur**				
20 til 24 ára	51,7	48,3	100%	116
25 til 30 ára	62,1	37,9	100%	116
31 árs og eldri	74,1	25,9	100%	116
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	62,3	37,7	100%	273
Landsbyggð	64,0	36,0	100%	75
Tegund náms***				
Grunnnám	58,0	42,0	100%	286
Framhaldsnám	83,9	16,1	100%	62

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Tafla 20. Varstu yfirleitt í fullu starfi eða hlutastarfi? (Spurning til þeirra sem unnu með náminu)

	Fullu starfi	Hluta-starfi	Samtals	Fjöldi
Heild	37,2	62,8	100%	218
Kyn				
Karl	39,8	60,2	100%	83
Kona	35,6	64,4	100%	135
Aldur***				
20 til 24 ára	11,7	88,3	100%	60
25 til 30 ára	33,3	66,7	100%	72
31 árs og eldri	58,1	41,9	100%	86
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	38,8	61,2	100%	170
Landsbyggð	31,3	68,8	100%	48
Tegund náms***				
Grunnnám	26,5	73,5	100%	166
Framhaldsnám	71,2	28,8	100%	52

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Tafla 21. Í hve háu starfshlutfalli varstu að jafnaði? (Spurning til þeirra sem voru í hlutastarfi með náminu)⁴

	Minna en 50%	50%	Meira en 50%	Samtals	Fjöldi
Heild	59,1	19,0	21,9	100%	137
Kyn					
Karl	54,0	24,0	22,0	100%	50
Kona	62,1	16,1	21,8	100%	87
Aldur**					
20 til 24 ára	75,5	13,2	11,3	100%	53
25 til 30 ára	60,4	18,8	20,8	100%	48
31 árs og eldri	33,3	27,8	38,9	100%	36
Búseta					
Höfuðborgarsvæði	53,8	22,1	24,0	100%	104
Landsbyggð	75,8	9,1	15,2	100%	33
Tegund náms^{óg ()}					
Grunnnám	60,7	19,7	19,7	100%	122
Framhaldsnám	46,7	13,3	40,0	100%	15

** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.01$

óg: Marktektarpróf er ógilt

⁴ Sé marktektarpróf ógilt eru flokkarnir 50% og Meira en 50% sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktekt táknuð innan sviga.

Rúmlega einn af hverjum fimm tók námslán fyrsta ár sitt í HÍ en ekki reyndist munur eftir bakgrunni fólks (sjá töflu 22).

Tafla 22. Tókst þú námslán fyrsta ár þitt í HÍ?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	21,8	78,2	100%	348
Kyn				
Karl	22,9	77,1	100%	131
Kona	21,2	78,8	100%	217
Aldur				
20 til 24 ára	18,1	81,9	100%	116
25 til 30 ára	27,8	72,2	100%	115
31 árs og eldri	19,7	80,3	100%	117
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	20,1	79,9	100%	273
Landsbyggð	28,0	72,0	100%	75
Tegund náms				
Grunnnám	22,0	78,0	100%	286
Framhaldsnám	21,0	79,0	100%	62

Staða í dag

Í töflu 23 má sjá að ríflega helmingur svarenda var búinn að fá sér vinnu áður en þeir hættu námi við Háskóla Íslands. Því eldri sem svarendur voru því frekar voru þeir búnir að fá sér vinnu og þeir sem skráðir voru í framhaldsnám voru frekar komnir með vinnu áður en þeir hættu námi en þeir sem voru í grunnnámi.

Tafla 23. Varstu búin(n) að fá þér vinnu áður en þú hættir námi í Háskóla Íslands?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	54,5	45,5	100%	345
Kyn				
Karl	57,4	42,6	100%	129
Kona	52,8	47,2	100%	216
Aldur***				
20 til 24 ára	32,2	67,8	100%	115
25 til 30 ára	56,5	43,5	100%	115
31 árs og eldri	74,8	25,2	100%	115
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	54,6	45,4	100%	271
Landsbyggð	54,1	45,9	100%	74
Tegund náms***				
Grunnnám	47,7	52,3	100%	285
Framhaldsnám	86,7	13,3	100%	60

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Þrír af hverjum fjórum voru ýmist í námi eða höfðu uppi áætlanir um að fara í nám á næstu tveimur árum þegar könnunin var gerð. Því eldri sem svarendur voru því síður voru þeir í námi eða höfðu áætlanir um slíkt og þeir sem skráðir voru í framhaldsnám voru síður í námi eða höfðu áætlanir um að fara í nám samaborið við þá sem skráðir voru í grunnnám (sjá töflu 24). Um 20% þeirra sem voru í námi eða höfðu áætlanir um slíkt stefndu á að ljúka því námi sem þeir voru í við HÍ. Þetta átti frekar við eftir því sem svarendur voru eldri (sjá töflu 25). Þeir sem voru í námi eða höfðu áætlanir um að fara í nám en ætluðu ekki að ljúka því námi sem þeir voru í við HÍ stefndu hvað helst á Háskólann í Reykjavík (sjá töflu 26).

Tafla 24. Ertu í námi eða hefur þú áætlanir um að fara í nám á næstu tveimur árum?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	74,9	25,1	100%	334
Kyn				
Karl	71,2	28,8	100%	125
Kona	77,0	23,0	100%	209
Aldur***				
20 til 24 ára	93,0	7,0	100%	115
25 til 30 ára	85,5	14,5	100%	110
31 árs og eldri	45,0	55,0	100%	109
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	72,6	27,4	100%	263
Landsbyggð	83,1	16,9	100%	71
Tegund náms***				
Grunnnám	80,9	19,1	100%	278
Framhaldsnám	44,6	55,4	100%	56

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Tafla 25. Eru það áætlanir um að ljúka því námi sem þú varst í við HÍ? (Spurning til þeirra sem voru í námi eða höfðu áætlanir um að fara í nám á næstu tveimur árum)

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	19,8	80,2	100%	237
Kyn				
Karl	21,7	78,3	100%	83
Kona	18,8	81,2	100%	154
Aldur***				
20 til 24 ára	15,4	84,6	100%	104
25 til 30 ára	14,8	85,2	100%	88
31 árs og eldri	40,0	60,0	100%	45
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	19,9	80,1	100%	181
Landsbyggð	19,6	80,4	100%	56
Tegund náms^{óg}				
Grunnnám	17,3	82,7	100%	214
Framhaldsnám	43,5	56,5	100%	23

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

óg: Marktektarpróf er ógilt

Tafla 26. Við hvaða skóla ætlaðu að fara í nám/ertu í námi? (Spurning til þeirra sem voru í námi eða höfðu áætlanir um að fara í nám en ætluðu ekki að ljúka því námi sem þeir voru í við HÍ)

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Háskólann í Reykjavík/Tækniháskólann	46	5,1	27,2
Kennaraháskóla Íslands	21	2,3	12,4
Háskóla Íslands	20	2,2	11,8
Háskóla erlendis	17	1,9	10,1
Iðnskóla	15	1,7	8,9
Háskólann á Akureyri	10	1,1	5,9
Listaháskóla Íslands	10	1,1	5,9
Skóla á framhaldsskólastigi annað en iðnskóla	8	0,9	4,7
Landbúnaðarháskóla Íslands	6	0,7	3,6
Háskólann á Bifröst	6	0,7	3,6
Annað	10	1,1	5,9
Veit ekki	21	2,3	-
Svarar ekki	1	0,1	-
Alls	191	100%	100%

Rúmlega þrír af hverjum fjórum voru í fastri vinnu þegar könnunin var gerð. Hlutfall þeirra sem voru í fastri vinnu jókst með hækkandi aldri og þeir sem skráðir voru í framhaldsnám voru frekar í

fastri vinnu en þeir sem skráðir voru í grunnnám (sjá töflu 27). Þrír af hverjum fjórum þeirra sem voru í fastri vinnu voru í fullu starfi. Karlar voru frekar í fullu starfi en konur og þeir sem skráðir voru í framhaldsnám voru frekar í fullu starfi en þeir sem voru í námi á grunnstigi (sjá töflu 28). Þegar starfshlutfall þeirra sem voru í hlutastarfi þegar könnunin var gerð var skoðað kom í ljós að tæplega helmingur var í meira en 50% hlutastarfi. Því eldri sem svarendur voru því frekar voru þeir í meira en 50% starfshlutfalli og þeir sem búsettir voru á landsbyggðinni voru frekar í meira en 50% hlutastarfi en þeir sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 29).

Tafla 27. Ert þú í fastri vinnu?

	Já	Nei	Samtals	Fjöldi
Heild	77,6	22,4	100%	344
Kyn				
Karl	82,8	17,2	100%	128
Kona	74,5	25,5	100%	216
Aldur***				
20 til 24 ára	68,4	31,6	100%	114
25 til 30 ára	73,0	27,0	100%	115
31 árs og eldri	91,3	8,7	100%	115
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	78,5	21,5	100%	270
Landsbyggð	74,3	25,7	100%	74
Tegund náms***				
Grunnnám	73,2	26,8	100%	284
Framhaldsnám	98,3	1,7	100%	60

*** Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.001$

Tafla 28. Ertu í fullu starfi eða hlutastarfi? (Spurning til þeirra sem voru í fastri vinnu þegar könnunin var gerð)

	Fullu starfi	Hluta- starfi	Samtals	Fjöldi
Heild	75,8	24,2	100%	265
Kyn*				
Karl	84,0	16,0	100%	106
Kona	70,4	29,6	100%	159
Aldur				
20 til 24 ára	67,9	32,1	100%	78
25 til 30 ára	77,1	22,9	100%	83
31 árs og eldri	80,8	19,2	100%	104
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	75,2	24,8	100%	210
Landsbyggð	78,2	21,8	100%	55
Tegund náms*				
Grunnnám	72,3	27,7	100%	206
Framhaldsnám	88,1	11,9	100%	59

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

Tafla 29. Í hve háu starfshlutfalli ertu? (Spurning til þeirra sem voru í hlutastarfi þegar könnunin var gerð)⁵

	Minna en 50%	50%	Meira en 50%	Samtals	Fjöldi
Heild	27,0	23,8	49,2	100%	63
Kyn óg ()					
Karl	18,8	37,5	43,8	100%	16
Kona	29,8	19,1	51,1	100%	47
Aldur óg (*)					
20 til 24 ára	40,0	28,0	32,0	100%	25
25 til 30 ára	33,3	22,2	44,4	100%	18
31 árs og eldri	5,0	20,0	75,0	100%	20
Búseta óg (*)					
Höfuðborgarsvæði	29,4	27,5	43,1	100%	51
Landsbyggð	16,7	8,3	75,0	100%	12
Tegund náms óg (óg)					
Grunnnám	30,4	26,8	42,9	100%	56
Framhaldsnám	0,0	0,0	100,0	100%	7

* Marktækur munur er á meðaltölum hópa; $p < 0.05$

óg: Marktektarpróf er ógilt

⁵ Sé marktektarpróf ógilt eru flokkarnir 50% og Minna en 50% sameinaðir í tölfræðiúrvinnslu og er marktekt táknuð innan sviga.

Þeir svarendur sem voru í fastri vinnu voru spurðir við hvað þeir störfuðu. Svörin voru flokkuð eftir því hvort um væri að ræða starf sem að öllum líkindum krefðist menntunar á framhaldsskólastigi, á háskólastigi eða hvort ekki væri gerð krafa um menntun umfram menntun á grunnskólastigi. Hér er vert að taka fram að ekki er verið að greina hvort svarendur voru með menntun á háskólastigi eða ekki heldur hvort starfið sem þeir sinntu krefðist í eðli sínu menntunar, hvort sem það var þá á framhaldsskólastigi eða háskólastigi.

Eins og sjá má í töflu 30 voru tæp 60% svarenda í starfi sem að öllum líkindum krefst ekki menntunar umfram grunnskólamenntun. Karlar voru frekar í starfi sem krafðist háskólamenntunar heldur en konur og því eldri sem svarendur voru því frekar voru þeir í starfi sem krafðist meiri menntunar. Meirihluti þeirra sem skráðir voru í framhaldsnám voru í starfi sem krafðist háskólamenntunar á meðan meirihluti þeirra sem skráðir voru í nám á grunnstigi voru í starfi sem ekki krafðist menntunar.

Tafla 30. Krefst starfið menntunar? (Unnið úr spurningunni: *Við hvað starfar þú?*)

	Krefst ekki menntunar	Krefst menntunar á framhaldsskólastigi	Krefst menntunar á háskólastigi	Samtals	Fjöldi
Heild	59,2	14,6	26,2	100%	260
Kyn*					
